Skýringar:

Aðkoma, brunahanar og viðbragðstími slökkviliðs.
Húsið er staðsett sunnan við Strandveg og austan við Hafnargötu, með aðkomu beint frá þessum götum og porti austan við húsið. Þá er aðkoma að norðan um opna þaklausa hráefnisþró sem mjög sjaldan er í notkun.
Brunahanar eru þrír á svæðinu, einn þeirra er í gangstétt innan við 50 m austan við húsið og annar er á bryggjunni um 120 m norðan við mjölhluta byggingarinnar. Sá þriðji er vestan við Ísfélagið í um 120 m fjarlægð. Vatnsþrýstingur er um og yfir 5 kg í þessum brunahönum. Þá er stutt í sjó af bryggjunni einnig í um 120 m fjarlægð
Fjarlægð í Slökkviliðsstöð er um 0,5 km. Viðbragðstími 30 manna slökkviliðs er um 2-4 mín á stöð og 2- 4 mín á staðinn að degi til og um 1-2 mín lengur að nóttu til .Slökkviliðið mætir á staðinn á þremur öflugum alhliða slökkviliðsbílum með um 1000 l/mín dælugetu.

Brunasamstæður
Brunasamstæða sem er eitt eða fleiri brunahólf eru aðskilin frá aðliggjandi brunasamstæðum eða byggingum með a.m.k. **REI90** byggingarhlutum merkum á teikningum(veggir og hæðaskil). Frágangur veggs við þak skal vera með frágangi eldvarnarveggs. Veggur nái upp að neðri brún ystu klæðningar og þökin sitt hvoru megin eru **EI60 120** cm út frá vegg. Hurðir skulu vera a.m.k. **EI-CS60** og þessar hurðir eiga að vera lokaðar að staðaldri.og önnur op a.m.k. **EI-S60**. Sjá grunnmyndir á uppdráttum nr. 508-513 og sniðum uppdráttum 514 og 515, sjá ennfremur skýringu á brunavarnartáknum á uppdráttum. Tekið mið af Leiðbeiningum Brunamálastofnunar 153.BR1
"

Brunasamstæður Verksmiðjunar verða sjö
1. Mjölhúsið BS-1
2. Spennistöð vestast í mjölhúsi BS-2
3. Verksmiðjusalurinn, BS-3
4. Ketilhúsið BS-4
5. Elsta húsið á þrem hæðum, BS-5
6. Spennistöð BS-6
7. Mótorhús BS-7

Brunahólfun.
Sé ekki annað tekið fram á teikningu skulu skil brunahólfs eigi vera gerð úr lakari byggingarefnum heldur en B-efnum og hafa a.m.k. 60 mínútna þol er varðar heilleika og einangrun **EI60**. Frágangur umhverfis leiðslur milli brunasamstæða og brunahólfa hafi sama brunagildi og veggir eða plötur sem farið er í gegn um. Hurðir skulu vera a.m.k. **EI-CS30** og þessar hurðir eiga að vera lokaðar að staðaldri.og önnur op a.m.k. **EI-S30**." Sjá grunnmyndir á uppdráttum nr. 508-513 og sniðum uppdráttum 514 og 515, sjá ennfremur skýringu á brunavarnartáknum á uppdráttum.
Tekið mið af Leiðbeiningum Brunamálastofnunar 153.BR1,
Við brunahólfunina var tekið mið af tvennu.
Annars vegar vernda leiðir fyrir fólk til að flýja eftir eða komast yfir í annað brunahólf úr öðru þar sem eldur er komin upp í.
Og hins vegar leitast við að hólfa bygginguna þannig að hún verði ekki öll undirlögð af eldi og reyk.
Merkingar brunahólfa kemur fram á uppdráttum á eftirfarandi hátt: **BH-1.1** er brunahólf nr 1 í Brunasamstæðu nr.1

Flóttaleiðir
Á uppdráttum eru neyðarútgangar merktir **ÚT** → og björgunarop með **BO**.
Sjá skýring á brunavarnartáknum.
Brunahólf stærra en 150 m2, fyrir allt að 50 manns, skal hafa a.m.k. tvennar dyr að gangi sem er flóttaleið og liggur í gagnstæðar áttir að tveimur óháðum útgöngum. Vísað er í Leiðbeiningar Brunamálastofnunar 158.4.BR1 við útfærslu flóttaleiða í verksmiðjunni. Nýjum flóttaleiðum hefur verið bætt við og björgunaropum fjölgað, eins og fram kemur á teikningum. Stigar í flóttaleiðum verð a.m.k. A-R30

Reyklosun
Yfir verksmiðjusalnum og ketilhúsi eru reyklúgur í þök þessara brunasamstæðna / brunahólfa.
Setja skal 8 stk. 1,5 m2 reyklúgur í Mjölhúsið. Á uppdráttum kemur fram staðsetning reykluga. Sjá skýring á brunavarnartáknum.
Vísað er í Leiðbeiningar Brunamálastofnunar 167.1.BR1 við útfærslu á nýjum reyklosunarbúnaði í verksmiðjunni.

Slöngukefli innanhúss
Við endurbætur á Verksmiðjusalnum og ketilhúsi voru settar slöngur í þessar brunasamstæður / brunahólf og eru merktar inn á uppdrætti.
Nýjar slöngur skal setja upp samkvæmt teikningu við austur- og vesturenda mjölhúss, við nýjan neyðarútgang á ketilhúsi, við austurútihurð á verkstæði, í gangi við aðalinngang, og við vesturútihurð í mótorhúsi. Þá eru settar slöngur við inngang að skrifstofum og uppi á þriðju hæð við neyðarútgang (út á þak) frá geymslu. Sjá skýring á brunavarnartáknum.
Vísað er í byggingarreglugerð n.r 441/1998 *í gr. 164.1*

Handslökkvitæki
Á meðan á framkvæmdum stendur mun verða óskað eftir að slökkviliðsstjóri aðstoði við staðsetningu slökkvitækja. Miðað er við að staðsetja dufttæki þar sem brunaslöngur eru, auk þess skal staðsetja slökkvitæki nálægt áhættustöðum, en ekki það nærri að það sé óaðgengilegt við bruna. Þar sem brunáhættan er í lokuðu rými t.d. litlu herbergi, hentar að setja slökkvitæki rétt utan við dyrnar, þó ekki þar sem það verður fyrir áhrifum tærandi lofts. Sjá skýring á brunavarnartáknum Að öðru leyti skal tekið mið af Leiðbeiningum Brunamálastofnunar 165.BR1 við val og staðsetningu handslökkvitækja í verksmiðjunni.

Neyðarlýsing og út-ljós
Staðsetning og fyrirkomulag neyðarlýsingar og út-ljósa koma fram á uppdráttum af brunaviðvörunarkerfi og út-ljós á brunavarnaruppdráttum nr. 508-517.
Vísað er í byggingarreglugerð n.r 441/1998 þar sem fram kemur í gr. 160.1
Hönnun neyðarlýsingar og útljósa, þar sem slíks er krafist, skal vera í samræmi við leiðbeiningar sem Brunamálastofnun gefur út eða vísar til og eftirfarandi reglur í þessari málsgrein líður
a Útljós skal setja yfir eða við útgöngudyr til að leiðbeina fólki að þeim. Auk þess skal koma fyrir útljósum á öðrum stöðum þannig að þau séu sýnileg frá hvaða stað sem er í sölum eða flóttaleiðum og rata megi með hjálp þeirra einna út undir bert loft á jörð niður eða til öruggs staðar innanhúss, hvort heldur að um sé að ræða aðal- eða neyðarútganga. ...
b Neyðarlýsing skal þannig uppsett að hún gefi sem jafnasta birtu í sölum og á flóttaleiðum......
c Varastraumgjafar skulu vera vararafstöðvar eða rafhlöður sem taka sjálfvirkt við ef aðalstraumgjafi bilar.

Brunaviðvörunarkerfi
Á uppdráttum gerðum af hönnuði brunaviðvörunarkerfisins komi fram að í byggingunni verði sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi. Brunaviðvörunarkerfið er tengt opnunarbúnaði reyklúga svo þær opnist, segullokum á hurðum m.a fyrir ketilhúsi svo þær lokist.
Brunaviðvörunarkerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð, sem mönnuð er allan sólahringinn.
Stjórnstöð sjálfvirka brunaviðvörunarkerfisins verði staðsett við aðalinngang.
Vísað er í byggingarreglugerð n.r 441/1998 þar sem fram kemur í gr. *Gr. 161.1 Hönnun og uppsetning brunaviðvörunarkerfis skal vera í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar um sjálfvirk brunaviðvörunarkerfi.*
Farið skal eftir Leiðbeiningum Brunamálastofnunar 15.10.BR1 við hönnun, uppsetningu og rekstur á sjálfvirku brunaviðvörunarkerfi.

Viðhald brunavarna
Gert er ráð fyrir að gerður verði þjónustusamningur við verktaka brunaviðvörunarkerfisins, samanber reglur Brunamálastofnunar um sjálfvirk brunaviðvörunarkerfi. Uppkast af samningi fylgir gögnum frá hönnuði brunaviðvörunarerfisins.
Þá verði gerð neyðaráætlun fyrir bygginguna sem slökkviliðsstjóri samþykkir. Hún skal æfð einu sinni á ári.

Áformaðar framkvæmdir miðað við Brunasamstæður og Brunahólf

Brunasamstæða BS-1, Mjölhús; Stærð:1228 m2 og 7974 m3
Mjölhúsið er norðan við verksmiðjusalinn og ketilhús, þar eru geymslur, pökkunarsalur með mjölgeymum og nokkur önnur tæki. Austan við húsið er timburviðbygging sem byggð er upp að þróarveggjum og verksmiðjunni sjálfri, þar sem útveggir eru steinsteytir. Þakið er klætt timburásum, klæðningu og bárujámi og borið uppi af stálgrindarbitum. Í samstæðunni eru 8 Brunahólf, BH.

BH-1,1 Geymsla.
Geymslan sem er 148,3 m2, er byggð úr timbri austan við og upp að verksmiðjunni. Útveggir á móti austri og suður eru óeinangraðir timburveggir, járnklæddir að utan, aðrir veggir eru steinsteyptur þróarveggur að norðan og steinsteyptur veggur verksmiðjunnar að vestan.
Endurbætur:
- Brunahólfun: REI- 90 að brunahólfi BH-1.2, þar er ný hurð EI-CS60 hurð.
- Búnaður: Ný brunaslanga 1 stk.

Aðrar úrbætur: Einangra og klæða útveggi og þak með plötum í flokki 1, t.d bárujárni.

BH-1,2 Geymsla.
Geymslurnar sem eru samtals 226,6 m2, þar eru óeinangraðir veggir steyptir og súlur, bitar og plötur eru einnig steinsteypt. Milliveggir eru léttir timburveggir.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Að BH-1.3 er EI-60 veggur og ný EI-CS30 vængjahurð
- Aðrar úrbætur: Annað hvort rífa milliveggina eða klæða með plötum í flokki 1. (trefjagifsplötur)

BH-1,3 Mjölpökkun.
Mjölpökkunin sem eru samtals 501 m2, þar eru veggir steyptir og óeinangrað timburþak borið af stálgrindarsperrum. Milliveggir að öðrum brunahólfum eru steyptir eða þéttklæddir timburveggir. Í rýminu eru mjöltankar og pökkunarbúnaður fyrir mjöl.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Einangra og klæða loft með plötum í flokki 1. (bárujárn) og tvöföldum gifsplötum á 120 cm meðfram næst suðurveggi.
- Búnaður: Ný brunaslanga við útidyr.
- Reyklosun: Um 8 nýjar reyklúgur, 1,5m2 hver eða samtals 12 m2 að stærð,í þaki samanber fylgiskjal FSK-1 og loft inn um vöruhurð sem opnuð er með handafli. Gert er ráð fyrir að opnunarbúnaður verði bæði handvirkur og sjálfvirkur, með tengingu við brunaviðvörunarkerfið.
- Aðrar úrbætur: Steypa skal eða hlað upp í nokkur op sem eru á vegg að verksmiðju og þétta meðfram EICS60 hurð með steinull í staðin fyrir frauðplast.
- Búnaður: Loftrist í vegg yfir í bil 3,3 verði brunaloka E60S.

BH-1,4 Mjölkvarnir.
Mjölkvarnir, brunahólf sem nær til tveggja hæða, er 46,9 m2 á neðri hæð og 56,7 á efri hæð, veggir neðri hæðar eru steyptir plötur eru einnig steinsteypt. Veggir efri hæðar eru timburveggir, einangraðir og klæddir spónaplötum. Loft yfir 2. hæð er timburloft, einangrað og klætt spónaplötum að innan og krossviði að ofan. Í rýminu eru mjölkvarnir og búnaður sem er á milli hæða. Ekki er manngengt á milli hæða inni í rýminu.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Að BH-1.3 er EI-60 veggur sem skal klæða með einu lagi af gifsplötum og nýjar EI-CS30 hurðir.

BH-1,5 Mjöl.
Mjöl er 18,6 m2 m2, þar eru veggir steyptir, bitar og plötur eru einnig steinsteypt.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Að BH-1.3 er EI-60 veggur og ný EI-CS30 hurð

BH-1,6 Blóðvatnsþrær/ónotað þakrými.
Rýmið er samtals 226,5 m2, þar eru veggir steyptir og óeinangrað timburþak stólað upp og borið af stálsperrum. Útveggur í suður hefur verið gifsklæddur og 120 cm inn undir þakklæðningu. Milliveggir eru steyptir. Í rýminu eru blóðvatnsþrær og að öðru leyti ónotað rými.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Að BH-1.7 er EI-60 veggur og ný EI-CS30 hurð og múra skal upp í nokkur göt.

BH-1,7 Leiðslustokkur.
Stokkurinn sem er úr stáli er meðfram austurvegg í mjölhúsi, stálgólf og stálveggur að vestan upp í loft, er 48,6 m2. Í stokknum er lítið síló sem dælt er upp í frá þró, þaðan er snígill sem flytur hráefni inn í verksmiðju.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Að BH-1.6 er EI-60 veggur og ný EI-CS30 hurð og Að BS- ketilhúsi skal endurnýja hurð með EI-CS60 og múra skal upp í nokkur göt í báða veggi.Einnig skal setja EI-CS60 hurð í EI90 vegg að þróm. Að BH-1.3, Mjölhúsi er stálplötur sem skal klæða með gifsplötum.

BH-1,8 Geymslur.
Geymslur eru tvö herbergi samtals 28,7 m2, þar eru steinsteypt plata, veggir timbur, einangraðir og klæddir.
- Brunahólfun: Að BH-1.3 eru EI-60 veggir sem klæða skal með gifsplötum og þar komi ný EI-CS30 hurð

Brunasamstæða BS-2, Spennistöð
Stærð: 15 m2 og 45 m3 norðan við verksmiðjusalinn vestast í Mjölhúsi. Brunasamstæðan er skilin frá vélasalnum og Mjölhúsi með REIM90 veggjum og steinsteyptri plötu. Ekki er innangengt í aðrar brunasamstæður. Samstæðan er eitt brunahólf. Í rýminu er spennistöð ásamt rofabúnaði

Brunasamstæða BS-3, Verksmiðjusalur; stærð 1270m2 og 10330 m3.
Verksmiðjusalurinn er norðan við elsta húsið, Útveggir eru steinsteytir, með gluggum á vesturhlið og loftræstiristum fyrir ferskt loft. Þakið er klætt Yleiningum og borið uppi af límtré, súlur, dregarar, bitar og ásar. Upp úr þakinu eru tveir turnar og í þakinu eru reyklúgur, bæði á turnum og þakinu sjálfu. Í brunasamstæðunni eru 3 brunahólf, BH.

BH-3,1 Geymsla.
Geymslan sem er 34,4 m2, er byggð inni í vélasalinn undir steyptu millidekki og upp að steyptum veggjum að norðan og austan. Vestur og suðurveggir úr timbri.
Endurbætur:
- Brunahólfun: EI-60 veggir að verkstæði BH-3,2 og verksmiðju, brunahólfi BH-3,3, eru úr timbri sem einangra skal og klæða með gifsplötum og nýjar. EI-CS30 hurðir.

BH-3,2 Vélaverkstæði.
Vélaverkstæði sem er 57,6 m2, er byggð inni í vélasalinn undir steyptu millidekki og upp að steyptum vegg að austan. Vestur-, norður- og suðurveggir eru úr timbri.
Endurbætur:
- Brunahólfun: EI-60veggir að verksmiðju, brunahólfi BH-3,3og geymslu BH-3.1 eru úr timbri sem einangra skal og klæða með gifsplötum og nýjar. EI-CS30 hurðir.

BH-3,3 Verksmiðjusalur.
Verksmiðjusalurinn er 968,6 m2 og steinsteyptir pallar eru 209,6 m2.
Verksmiðjusalurinn er norðan við elsta húsið, þar eru þurrkur og mestallur búnaðu verksmiðjunar sem er á einni hæð en milliplötum úr steinsteypu og stáli eru á nokkrum stöðum í salnum. Útveggir eru steinsteytir, með gluggum á vesturhlið og loftræstiristum fyrir ferskt loft. Þakið er klætt Yleiningum og borið uppi af límtré, súlur, dregarar, bitar og ásar. Upp úr þakinu eru tveir turnar og í þakinu eru reyklúgur, bæði á turnum og þakinu sjálfu. Límtrésbitar sem bera turnana ná niður fyrir þakið og mynda reykskerma, og varna því að hluta, að hiti berist upp í turnana
Endurbætur:
- Brunahólfun: Steinsteyptir A-REI 120 veggir að Mjölhúsi BS-1 og A-REIM9 að Ketilhúsi BS-4, með EI-CS60 hurðum. Veggur að stjórnunarbyggingu BS-5 eru steinsteyptir upp fyrir 2. hæð og timburveggur þar fyrir ofan skal gifsplötuklæða A-REI 90 veggur með EI CS60 hurðum og mótorhúsi BS-7 eru veggir steyptir upp í sömu hæð og timbur þar fyrir ofan skal einnig gifsplötuklæða. Að BH-3,1 og BH-3,2 eru EI-60 veggir ,ný klæðning og nýjar EI-CS30 hurðir Klæða og einangra skal 120 cm breitt svæði upp í þak meðfram A-REI 120 veggjum að mjölhúsi og A-REIM 90 veggjum að ketilhúsi
- Aðrar úrbætur: Á milli mjölhúss og verksmiðju er A-REI120 veggur. Hér skal fjarlægja frauð með eldvarnarhurð EI-CS60 og steypa skal upp í op sem eru á veggnum og athuga frágang veggs þar sem snigillinn fer í gegnum vegginn.
- Á milli ketilhúss og verksmiðju er A-REIM90 veggur, þar skal ganga frá lögnum og leiðslum og stóra rennihurðin, eldvarnarhurð A-EI-CS60, skal vera sjálflokandi. Þegar hurðin er höfð opin skal henni haldið opinni með segulrofa, sem tengdur verður brunaviðvörunarkerfinu og hurðin lokast sjálfkrafa með boði frá kerfinu. .
- Frá Raftöfluherbergi BH-5,3 skal Frágangur umhverfis leiðslur milli brunasamstæða og brunahólfa hafi sama brunagildi og veggir eða plötur sem farið er í gegn um. Tilvís 88 gr.
- Setja skal upp pall og stiga fyrir framan lager, BH-5.13 á annarri hæð

Brunasamstæða BS-4, Ketilhús; Stærð 523 m2 og 3536 m3.
Brunasamstæðan er austan við Verksmiðjusalinn, BS-3. Milliveggir og útveggir eru steinsteytir. Þakið er klætt Yleiningum og borið uppi af límtrésbitum. Brunasamstæðan er 3 brunahólf, BH

BH-4,1 Ketilhús.
Ketilhúsið sem er 449,3 m2 er austan við verksmiðjusalinn,.aðskilinn frá með steyptum vegg. Útveggir eru steinsteytir, með gluggum á austur og loftræstiristum fyrir ferskt loft. Þakið er . klætt Yleiningum og borið uppi af límtré, súlur, dregarar, bitar og ásar. Upp úr þakinu er turn og í þakinu eru reyklúgur. Í rýminu eru 2 pressur, 3 olíukatlar og annar búnaður.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Klæða og einangra skal 120 cm breitt svæði upp í þak meðfram A-REI 120 veggjum að mjölhúsi og A-REIM 90 veggjum að verksmiðjusal.
- Flóttaleiðir: Út um nýjan innganga austan EICS60 hurð.
- Búnaður: 2 nýjar brunaslöngur við útganga.
- Reyklosun: Um reyklúgur sem tengja skal brunaviðvörunarkerfinu.
- Aðrar úrbætur: sjá nánar í hverju brunahólfi

BH-4,2 Tankar.
Tankarými sem er 54,1 m2, er byggð inni í Ketilhúsið upp undir gifsklætt þak og upp að steyptum veggjum að sunnan og austan. Vestur- og norðurveggir sem snúa inn í ketilhúsið eru steyptir.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Steinsteyptir EI-60 veggir að Ketilhúsi BH-4,1 og EI-60 að geymslu með EI-CS60 hurðir 2 nýjar hurðir og setja skal EI-S60 lúgu í vegg fram í ketilhús..

BH-4,3 Geymsla.
Geymslan sem er 13,2 m2, er byggð utan á Ketilhúsið með steyptum veggjum og steyptri loftaplötu að vestan.
Endurbætur:
- Brunahólfun: EI-60 veggir að Tankarými BH-4,2 þar er EI-CS60 hurðir ný hurð.

Brunasamstæða BS-5 Suðurhluti, elsta húsið skrifstofur og mannaaðstaða o.fl, Stjórnstöðvarhluti. Stærð 450 m2 og 726 m3
Elsti hluti verksmiðunar byggður um 1913 er suðurhúsið þar sem nú er mannaaðstaða, skrifstofur, rafmagnsverkstæði, rafmagnstöflur, rafstöð og stjórnherbergi verksmiðjunar. Þá eru geymslur fyrir varhluti í þessum hluta byggingarinnar sem er allt að þriggja hæða. Útveggir eru allir steinsteyptir milliveggir sem eru burðaveggir eru einnig steinsteyptir og hluti platna en meirihluti eru timburloft sem einangra skal með 50 mm steinull og 13 mm gifsplötum, klæðning í flokki 1. Þessi hluti er ein brunasamstæða og skilin frá verksmiðjusal, mótorhúsi og ketilhúsi með steinsteyptum vegg, brunahurðum og brunavarnargleri. Brunasamstæðan er 13 brunahólf, BH

BH-5,1 Verkstæði.
Verkstæðið sem er 39,1m2, er á jarðhæð austast í brunasamstæðunni samstæðunni utangengt er í rýmið. Útveggur í austur er steinsteyptur eins og veggur aðspennistöð og kaffistofu. Veggur að starfsmannaaðstöðu er úr timbri sem einangra skal og klæða með gifsplötum.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Í EI-60 vegg að starfsmannaaðstöðu BH-3, komi ný er EI-CS30 hurðir.
- Aðrar úrbætur: Einangra og klæða milliveggi og setja upp EI-CS30 hurðir. Einangra skal og klæða loftið, klæðnig í flokki 1. Milligólf verð a.m.k. REI90

BH-5,2 Kaffistofa o.fl..
Kaffistofa, gangur, geymsla og skrifstofa er 47,1 á jarðhæð austast og syðst í brunasamstæðunni. Útveggir í austur og suður eru steinsteyptir eins og veggur að verksstæði og mannaöstöðu. Loft yfir rýminu er steinsteypt að hluta og timbur.
Endurbætur:
- Brunahólfun:Steinsteyptur veggur EI-60 að gangi brunahólfi BH-5,5, þar komi ný EI-CS60 hurð og E30 gler í glugga. Loft er að hluta steypt REI90 og að hluta timburloft einangra skal og klæða loftið, klæðnig í flokki 1. Milligólf verð a.m.k. REI90
- Flóttaleiðir: Út um ný björgunarop á kaffistofu og skrifstofu.
- Burðarvirki: Steinsteyptir veggir, steinsteypta plata og timburgólfbitar yfir rýminu.

BH-5,3 Rafmagnstöflur.
Töfluherbergi sem er 32,5m2, er á jarðhæð nyrst í brunasamstæðunni, austarlega, innangengt er í rýmið frá gangi. Veggir eru steinsteyptir. Loft yfir rýminu er steinsteypt plata. Í rýminu eru rafmagnstöflur ásamt tilheyrandi búnaði.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Í A-REI 120 veggir að verksmiðjusal fyrir norðan BH-3,1 skal ganga frá opum sem eru með leiðslum á viðunandi hátt þannig að veggurinn á milli herbergis og verksmiðju geti talist a.m.k EI-60, veggur milli brunahólfa.

BH-5,4 Starfsmannaaðstaða og geymsla á efri hæð.
Starfsmannaaðstaða er 27,4 og geymsla á 2. hæð er 14,8 m2, innangengt er í rýmið frá gangi og verkstæði. Stigi er innan sama brunahólfs upp á loft í geymslu. Þá er ennfremur gengið inn í stigahús BH-11 sem er hluti af starfsmannaöstöðu á efri hæð. Veggir eru steinsteyptir. Loft yfir rýminu er timburloft, trébitar og steinsteypt plata ofan á.
Endurbætur:
- Brunahólfun:. Timburveggur að verkstæði skal einangra og klæða með gifsplötum svo hann verði EI 60. Hurð frá gangi, BH-5,5 verði EICS30 og hurð að verkstæði EICS30 eru nýjar. Einangra skal og klæða loftið, klæðnig í flokki 1. Milligólf verð a.m.k. REI90.

BH-5,5 Gangur.
Gangur er 36,8 m2. Inngangur að utan um aðalinngang og innangengt er rýmin BH-5.2, BH-5,3, BH-5,4, BH- 5,7 í rýmið frá gangi og verkstæði. Veggir eru steinsteyptir. Loft yfir rýminu er timburloft, trébitar og steinsteypt plata ofan á.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Hurðir frá gangi töfluherbergi, BH-5,3, kaffistofu BH-5,2 og stiga/gangi BH-5,13 í EI 60 veggjum eru nýjar EICS30 hurðir. Einangra skal og klæða loftið, klæðnig í flokki 1. Milligólf verð a.m.k. REI90.
- Búnaður: Ný brunaslanga rétt innan við útidyr.

BH-5,6 Stjórnstöð.
Stjórnherbergi sem 28,2 m2, er á jarðhæð nyrst í brunasamstæðunni, vestarlega, innangengt er í rýmið frá gangi BH-5,5 og vinnslusal BH-3,1. Veggir eru steinsteyptir. Loft yfir rýminu er timburloft. Í rýminu er stjórnbúnaður verksmiðjunar ásamt tilheyrandi búnaði.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Í Steinsteyptan A-REI-120 vegg að verksmiðjusal fyrir norðan, BH-3,1, komi hurð EICS60, og gler í glugga verð E60, aðrir veggir eru EI 60 steyptir vegir að gangi BH-5,5, þar komi ný hurð EICS30. Einangra skal og klæða loftið, klæðnig í flokki 1. Milligólf verð a.m.k. REI90.

BH-5,7 Rannsóknarstofa.
Rannsóknarstofa sem 3,8 m2, er á jarðhæð, innangengt er í rýmið frá gangi BH-5,5. Veggir eru steinsteyptir. Loft yfir rýminu timburloft. Í rýminu er rannsóknarbúnaður verksmiðjunar ásamt tilheyrandi búnaði.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Í steinsteyptan EI 60 veggir að gangi BH-5,5, komi ný EICS30 hurð. Einangra skal og klæða loftið, klæðnig í flokki 1. Milligólf verð a.m.k. REI90.

BH-5,8 Geymsla.
Geymsla sem 32,7 m2, er á jarðhæð, innangengt er í rýmið frá stigagangi BH-5,13. Veggir eru steinsteyptir. Loft yfir rýminu er timburloft.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Í steinsteypan EI 60 vegg að gangi BH-5,5, komi E60 gler og í nýjan EI-60 timburvegg að stigagangi BH-13 komi EI-CS30 hurð. Einangra skal og klæða loftið, læðnig í flokki 1. Milligólf verð a.m.k. REI90.

BH-5,9 Rafmagnsverkstæði.
Rafmagnsverkstæðið sem 34,8 m2, er á jarðhæð, innangengt er í rýmið frá gangi BH-5,5. Veggir eru steinsteyptir. Loft yfir rýminu klætt timburloft.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Í steinsteypan EI 60 vegg að gangi BH-5,5, komi E60 gler og í nýjan EI-60 timburvegg að stigagangi BH-13 komi EI-CS30 hurð og í steinsteyptir REI-90 að mótorhúsi BS-7 komi nú EI-CS60 hurð. Einangra skal og klæða loftið, klæðnig í flokki 1. Milligólf verð a.m.k. REI90.

BH-5,10 Biljardstofa /mannaaðstaða.
Biljardstofa / mannaðstaða sem 42,5 m2, er á annarri hæð, innangengt er í rýmið frá Hol/stigagandi BH-5,11. Veggir eru steinsteyptir. Gólf og loft yfir rýminu er steinsteypt plata
Endurbætur:
- Brunahólfun: Í Steinsteyptan EI 60 vegg að Hol/stigagangi BH-5,11,komi ný hurð EICS30.
- Flóttaleiðir: Út um björgunarop í glugga og niður fellistiga.

BH-5,11 Hol/stigagangur /mannaaðstaða.
Hol/stigagangur sem 37 m2, er á annarri hæð, og stigagangurinn er 3,3m2 á fyrstu hæð, innangengt er í rýmið frá starfsmannaðstöðu BH-5,4 og biljard /mannaðstöðu BH-5,10. Veggir eru steinsteyptir. Stigi og plata steinsteypt, yfir hluta af 2. hæð er plata steinsteypt og timburþak yfir hluta.
Endurbætur:
- Brunahólfun: EI 60 vegg að Mannaaðstöðu BH-5,4 og að EI60 steyptum vegg að billjard BH-5,10 komi nýjar EICS30 hurðir. Klæða og einangar loftið.

BH-5,12 Skrifstofur.
Skrifstofur sem eru samtals 42,5 m2, er á annarri hæð, utangengt er í brunahólfið. Veggir eru umhverfis brunahólfið eru steinsteyptir og timburþak.
Endurbætur:
- Flóttaleiðir: Út um nýtt björgunarop í glugga.
- Búnaður: Ný brunaslanga
- Aðrar úrbætur: Klæða og einangar loftið?

BH-5,13 Lager.
Lager sem er á þremur hæðum, 94,5 m2 á annarri hæð, 64,4 m2 á þriðju hæð og stigagangurinn er 10m2 á fyrstu hæð, innangengt er í rýmið frá gangi BH 5,5. Veggir eru steinsteyptir, stigi og gólf eru timbur, klætt er upp í nyrðra loftið á annarri hæð og timburþak yfir þriðju hæðinni límtré og Yleiningar.
Endurbætur:
- Brunahólfun: Klæða skal stigann af með EI 60 veggjum rafmagnsverkstæði BS-9 og þar komi ný EICS30 hurð eins og fram á gangi BH-5,5 og að geymslu BH-5,8. Þá er léttur veggur fyrir ofan plötu 3. hæðar, milli verksmiðju og lagers á 3. hæð, þá skal einangra með steinull og gifsklæða EI-90 veggur, þar komi nýjar EI-CS60 hurðir. Einangra og klæða skal upp í syðra loft á 2. hæð og klæða með gifsi í það nyrðra EI60. Útveggir sem eru léttir veggir og standa upp úr þaki skal einangra og klæða að innan, EI-60 veggir.
- Flóttaleiðir: Út um nýja EI-60 útihurð í suður.
- Búnaður: Ný brunaslanga á 3. hæð.

Brunasamstæða BS-6, Spennistöð; Stærð: 20 m2 og 60 m3
Spennistöðin er sunnan við Ketilhúsið austast í elsta stjórnstöðvarhúsinu. Brunasamstæðan er skilin frá Ketilhúsi, BS-4 og BS-5 með steinsteyptum A EI-90 vegg og steinsteyptri plötu EI 90. Ekki er innangengt í aðrar brunasamstæður. Samstæðan er eitt brunahólf. Í rýminu er spennistöð ásamt rofabúnaði

Brunasamstæða BS-7, Mótorhús: Stærð: 121 m2 og 727 m3
Mótorhúsið er sunnan við Verksmiðjusalinn vestast í elsta hluta hússins, stjórnstöðvarhúsinu. Brunasamstæðan er skilin frá Vélasalnum, BS-3 með A- REI-90 steinsteyptum upp fyrir 2. hæð og gifsklædda timburveggi EI60 þar fyrir ofan. Stjórnstöðvarhúsið , BS-5, er skilið frá með REI-90 veggjum steinsteyptum að neðan, en óklæddum timburvegg ofan við plötu 2. hæðar að ofan sem þarf að styrkja.. Innangengt er í brunasamstæðu BS-5 um nýja CS 60 hurð. Samstæðan er eitt brunahólf. Í rýminu eru tvær rafstöðvar ásamt búnaði
Endurbætur:
- Brunahólfun: Efsti hluti veggjar að Verksmiðjusal BS-3 skal klæða með gifsi, svo hann varði REI 90 Þá skal einangra og klæða og einangra vegg efri hæða að stjórnstöðvarhúsi BS-5 þar eru geymsla BH-5,8, rafmagnsverkstæði BH-5,9 og lager BH-5,13, svo veggurinn uppfylli EI90. Klæða skal og einangra þakið.
- Búnaður: Ný brunaslanga við inngang

Annað
Íbyggingunni skal vera sjálvirkur brunaviðvörunakerfi hannað og uppsett samkvæmt íst en 54 og reglum Brunamálastofnunnar
Neyðaráætlun skal gera fyrir bygginguna sem slökkviliðsstjóri samþykkir og æfð einu sinni á ári það verður gert í samstarfi við slökkviliðsstjóra og forstöðumann verksmiðjunar.

Framkvæmdir
Gera skal tímasetta áætlun um úrbætur í samráði við slökkviliðsstjóra.

Fylgigögn:
Útreikningur á reykræstingu Mjölhúss



Brunamálastofnun ríkisins
YFIRFARIÐ
2 5 JAN. 2006

Sbr. bréf 25. jan. 2006.
Baldur Friðriksson BF.

NR	DAGS.	BREYTING
A	DES. 05	BREYTING Á TEXTA
B		
C		
D		
E		
F		
G		
H		

SKÝRINGAR

BRUNAHANAR:
BH NR. 43 þRIGGJASTÚTA V/STRANDVEG 80
BH NR. 51 þRIGGJASTÚTA V/LÖNDUNARHÚS
BH NR. 31 þRIGGJASTÚTA V/HLÍÐARVEG STRANDVEG
BH VIÐ SUÐVESTURHORN HÚSSINS UNDIR YFIRBORÐI Í þRÓ

TÁKN Á TEIKNINGUM

A-REI120	STEYPTUR VEGGUR SEM STENDUR AMK. 120 MÍN MILLI BRUNASAMSTÆÐA
A-REI90	STEYPTUR VEGGUR/HÆÐARSKIL SEM STENDUR AMK. 90 MÍN MILLI BRUNASAMSTÆÐA
30 m	30m BRUNASLANGA
	REYKLÚGUR SJÁLFVIRKAR
→ BO	BJÖRGUNAROP
	STJÓRNSTÖÐ BRUNAVIÐVÖRUNARKERFIS
ÚT →	ÚT-MERKI OG NEYÐARLÝSING
——›——	RÝMINGARLEIÐ
1,2 m	RÝMINGALEIÐ VIÐ ÚTGANG

FLÓTTALEIÐIR
TVÖFALDAR HURÐIR OPNIST AÐ INNAN MEÐ SLÁ (PANIKSLÁ)

● D	HANDSLÖKKVITÆKI DUFT STAÐSETT Í SAMRÁÐI VIÐ SLÖKKVILIÐSSTJÓRA
● K	HANDSLÖKKVITÆKI KOLSÝRA STAÐSETT Í SAMRÁÐI VIÐ SLÖKKVILIÐSSTJÓRA
BS-X	BRUNASAMSTÆÐA X
BH-X.Y	BRUNAHÓLF NR. Y Í SAMSTÆÐUNNI X
EICS-60	REYKÞÉTT OG SJÁLFLOKANDI STÁLHURÐ 60mín BRUNAÞOL
EICS-30	REYKÞÉTT OG SJÁLFLOKANDI STÁLHURÐ 30mín BRUNAÞOL
HH	HURÐAHALDARI MEÐ SEGULROFA
E60	ELDÞOLIÐ GLER MEÐ 60mín. BRUNAÞOL

Teiknistofa PZ ehf
Ráðgjafarverkfræðiþjónusta
FRV
Kirkjuvegi 23 900 Vestmannaeyjum Sími 481-2711 Fax-481-3076
Heimasíða http//www.teiknistofa.is Netfang pz@teiknistofa.is

Verkheiti
VINNSLUSTÖÐIN HF

Verkefni
AFSTÖÐUMYND
BRUNAUPPDRÁTTUR

Dags.	Hannað	Verk.nr	Mælikvarði
NÓV. 05	SP/PZ	0129-7	1/500
Yfirfarið	Teiknað	Teikn.nr	Breyting
PZ	EA	500	A
Samþykkt			

S:\verkefni\A-VERK\01\0129-1vinbraedsla\teikningar\0129-2uppmal_.dwg, 500, 23.01.06 14:05:30

ť655